



Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2020-2021

Samkvæmt gildandi lögum um framhaldsskóla ber hverjum framhaldsskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Ennfremur ber framhaldsskólum að vinna stöðugt að umbótum og auknum gæðum ásamt því veita hlutaðeigendum upplýsingar um skólastarfið.

Gæðamál Menntaskólans í Kópavogi byggja á þrem gæðakerfum sem skólinn rekur. Þau eru ISO 9001:2015 (almennur rekstur), ÍST 85:2012 (jafnlaunavottun) og svo HACCP gæðakerfi fyrir matvælahluta skólans. Öll eru þessi gæðakerfi tekin reglulega út af utanaðkomandi aðilum. Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi gera ráð fyrir stöðugu innra mati, eftirliti og umbótum í starfi skólans. Stöðugt er unnið að bætri virkni gæðakerfa með því að beita gæðastefnunni, gæðamarkmiðum, niðurstöðum úttekta, greiningu gagna, úrbótum, forvörnum og rýni stjórnenda.

Innan Menntaskólans í Kópavogi er starfandi gæðaráð sem vinnur að gæðamálum innan skólans undir forystu skólameistara. Hlutverk gæðaráðs er sinna sjálfsmati og fylgjast með ánægju viðskiptavina hvað varðar kennslu, námsárangur, stjórnun, samskipti og líðan nemenda og starfsfólks. Þetta er gert með því að standa að áfangamati, könnunum og öðrum þeim athugunum sem nauðsynlegar kunna að þykja. Þá fylgir gæðaráð því eftir að viðeigandi stjórnendur taki saman upplýsingar um endurgjöf frá viðskiptavinum, svo sem ábendingar, kvartanir og viðhorf viðskiptavina.

Fyrir Menntaskólann í Kópavogi eru gæðastjórnunarkerfi einskonar leiðarvísir um allt starf Menntaskólans í Kópavogi og tryggir að starf skólans haldist heilsteypt þegar breytingar á því eru skipulagðar og innleiddar.

Sú sjálfsmatsskýrsla sem hér birtist gerir grein fyrir niðurstöðum úttekta og athugana sem gerðar hafa verið innan Menntaskólans í Kópavogi skólaárið 2020– 2021. Vegna breytinga á öllu starfi skólans á liðnu skólaári (COVIT-19) fór minna fyrir innra mati skólans en til stóð á þessu skólaári. Þannig var ekki gert hefðbundið áfangamat á haustönn

2020 heldur gerð ítarleg könnun meðal nemenda og foreldra um stöðu og aðlögun að breyttri kennslu með COVIT 19. Niðurstöður hennar eru birtar hér að neðan. Áfangamat fór fram á vorönn með nýju sniði og eru niðurstöður þess birtar hér að neðan.

Gæðastefna og gæðamarkmið.

Rammi að gæðastarfi MK er settur annarsvegar í ***gæðastefnu*** skólans og hinsvegar í ***gæðamarkmiðum*** MK. Þessi stefnuskjöl (STS-003 og STS-007) má nálgast á heimasíðu skólans. Almennt eru í gæðamarkmiðum sett mælanleg markmið sem eru yfirfarin á rýnifundi gæðaráðs við lok hvers skólaárs. Gæðamarkmiðin taka á þáttum á borð við fjárhagslegan rekstur skólans, lágmarksárangur kennara út úr áfangamati, fall í einstökum áföngum, brotthvarfi nemenda og útskýrðum launamun kynja.

Við árlega rýni gæðamarkmiða skólans í júní 2021 kom fram að skólinn heldur sig innan settra markmiða sbr. gæðamarkmið (STS-007) útg. 5.

Niðurstöður helstu sjálfsmatsþátta


COVID -könnun á líðan nemenda

Þegar skólum landsins var lokað á vorönn 2020 unnu kennarar MK mikið þrekvirki og náðu að umbreyta kennslufyrirkomulagi yfir í fjarnámssnið (tölvusamskipti) á nánast einni nóttu. MK hefur um árabíl verið leiðandi í tölvustuddri kennslu og kennarar því vel í stakk búnir til að takast á við svo víðtækar breytingar. Kennsla var með fjarkennslusniði út vorönnina. Haustönnin var með svipuðu sniði þótt unnt væri að fá nemendur í hús í smærri hópum. Einnig var hægt að leggja próf fyrir á staðnum og fóru haustannarpróf fram í skólanum samkvæmt próftöflu í desember.


Vegna þessa mikla uppbrots á skólastarfinu og álags á nemendur og kennara var ákveðið að leggja fyrir könnun um nám og líðan í MK á tímum Covid-19 í stað hefðbundins áfangamats. Könnunin var opin í rúma viku á netinu og gátu allir nemendur dagskólans tekið þátt. Alls bárust 368 svör og var svarhlutfallið 38%. Spurningar voru 50 talsins og komu m.a. inn á líðan nemenda, breytt kennslufyrirkomulag vegna Covid, virkni í námi og félagslíf. Dreifing eftir kyni og aldri var frekar jöfn en þó var nýnemahópurinn hlutfallslega fjölmennastur af þeim sem tóku þátt.

Niðurstöður voru mun jákvæðari en vænta mátti, bæði varðandi líðan nemenda sem og breytt kennslufyrirkomulag vegna Covid. Um 67% nemenda sögðust líða mjög vel eða vel en tæp 8% að þeim liði illa eða mjög illa. 25% svöruðu hvorki vel né illa. Þegar niðurstöður eru greindar út frá aldri kemur nýnemahópurinn talsvert betur út en eldri nemendur. Tæp 76% nýnema segist líða mjög vel eða vel á meðan hlutfallið er einungis um 53% hjá nemendum fæddum 2002. Rúmlega 1% nýnema segist líða illa en hlutfallið hjá nemendum fæddum 2002 er tæplega 14%. Þessi munur á líðan eftir aldri kemur fram í fleiri spurningum þannig að eldri nemendur virðast vera að kljást við meiri vanlíðan en yngri nemendur vegna Covid-19.

Svör við spurningunni „Hvernig líður þér í MK?“




Svör við spurningunni um líðan í MK greind eftir aldri




Einnig má greina mun á líðan nemenda eftir kyni og virðast stúlkur vera að glíma við meiri vanlíðan en piltar vegna ástandsins. Um 46% stúlkna sagðist hafa liðið frekar illa eða illa andlega eftir að Covid byrjaði en hlutfallið hjá piltunum er 30%. Ef við skoðum þá sem líður mjög vel er hlutfallið 28% hjá stúlkum en 47% hjá strákum. Stelpur eru að skora hærra þegar kemur að streitu, kvíða eða vanlíðan heldur en strákar. Varðandi breytt kennslufyrirkomulag vegna covid eru stelpurnar hins vegar ánægðari en strákarnir og vilja frekar fylgja stundatöflu í fjarnáminu.

Líðan í MK eftir kyni




Könnunin var framkvæmd til að fá vísbendingar um líðan nemenda á óvissutímum og hvernig best mætti haga kennslufyrirkomulagi vorannar. Svarhlutfall er ekki nægilega hátt til að hægt sé að alhæfa út frá niðurstöðum en gefur samt hugmynd um það sem er í gangi hjá nemendum skólans. En niðurstöðurnar ríma ágætlega við það sem kemur fram í könnunum í öðrum skólum og í samfélaginu almennt. Það er því ljóst að það þarf sérstaklega að passa upp á stúlkurnar á þessum covid tímum og einnig gefa niðurstöður til kynna að eldri nemendur séu að glíma við meiri vanlíðan en yngri nemendur.


Hvernig hefur þér gengið að aðlagast skipulagi skólans í haust?




Hvernig finnst þér álagið vera í fjarnámi miðað við hefðbundið skólahald í staðnámi?




Hvernig kennslufyrirkomulag hentar þér best á Covid tímum?



Hvernig hefur þér liðið andlega eftir að Covid byrjaði?



Ertu ánægð/ur með ráðstafanir skólans í sóttvörnum?




Könnun meðal forráðamanna nemenda yngri en 18 ára


Undir lok nóvembermánaðar lagði skólinn stutta könnun fyrir forráðamenn nemenda undir lögaldri og var þeim sendur tengill á könnunina í tölvupósti. Alls söfnuðust 240 svör, lang flest frá forráðamönnum nemenda fæddra 2004 eða síðar, eða 155 (64,6%). Svör frá forráðamönnum nemenda fæddra árið 2003 voru 76 talsins (31,7%) en aðeins 9 (3,7%) fyrir aldurshópinn sem fæddur er 2002. Þó svarhlutfallið sé ekki stórt gefur það ágætar vísbendingar um viðhorf foreldra til ráðstafana skólans vegna Covid-19.

Spurningar í könnuninni voru alls 11 talsins. Spurt var um skipulag og stundatöflu, álag í námi, þjónustu námsráðgjafa, sóttvarnaráðstafanir og upplýsingagjöf frá skólanum. Lokaspurningin var opin og gafst forráðamönnum þar kostur á að koma með ábendingar. Í opnum svörum komu fram ýmsar gagnlegar ábendingar sem skólinn mun nýta sér á komandi önnum.


Ríflega 60% svarenda töldu að barninu þeirra hefði gengið vel eða mjög vel að aðlagast breyttu skipulagi skólans á haustönn.




Mikill meirihluti svarenda taldi að barninu gengi vel vel að fylgja stundatöflunni í fjarnámi.




Hvernig finnst þér álagið vera hjá barninu þínu í fjarnámi miðað við hefðbundið skólastarf í staðnámi?



Ertu ánægð/ur með ráðstafanir skólans í sóttvarnamálum?



Telur þú að upplýsingar frá skólanum séu nægilega aðgengilegar og skýrar?




Áfangamat – nýtt fyrirkomulag

Vegna breyttra kennsluhátta sökum COVIT-19 var áfangamat aðeins unnið á vorönn 2021 og var það með nokkuð breyttu snið frá því sem áður hefur verið. Í stað þess að taka valda áfanga og gera mat á þeim var öllum nemendum boðið að leggja mat á alla sína áfanga á vorönn 2021. Þannig er heildarfjöldi metinna námshópa 221 á önninni og fjöldi mögulegra svara 4.265 en alls bárust 1.618 svör.


Spurningarnar snúa annarsvegar að nemandanum sjálfum en hinsvegar að kennaranum. Allir kennarar sem lenda í áfangamati fá sína niðurstöðu sundurliðaða og fá þannig mat nemenda á kennslunni, námsefni, skipulagi og samskiptum við nemendur. Fari heildarmat kennara niður fyrir 7 skulu kennari og skólameistari –skv. gæðamarkmiðum skólans – gera með sér sérstaka umbótaáætlun.

Samantekið áfangamat allra kennara á vorönn 2021 – helstu niðurstöður.


Ég hef lesið það námsefni sem lagt er fyrir skv. kennsluáætlun




Mér gengur vel að skila verkefnum á tilsettum tíma




Námsefni í áfanganum er




Fannst þér gagnlegt að fá miðannarmat frá kennara?




Verkefni í áfanganum hafa verið




Áhugi minn á viðfangsefni áfangans hefur vaxið á önninni




Vinnufriður er góður í kennslustofunni




Er auðvelt að nálgast námsefni áfangans?




Kennarinn kemur námsefninu vel frá sér




Kennarinn nýtir kennslustundina vel




Samskipti mín við kennarann eru góð




Færðu umsögn eða einkunn fyrir verkefni þín frá kennaranum



Verkefni áfangans eru fjölbreytt



Er námsmat áfangans í samræmi við kennsluáætlun ?



Starfsmannasamtöl

Frammistöðumat starfsmanna fer fram með skipulögðum hætti í MK í samræmi við VKL-205 um frammistöðumat starfsmanna og LSM-001 um starfsmannaviðtöl. Með niðurstöðum úr áfangamati fær kennari fundarboð sem er valkvætt ef niðurstaða úr áfangamati er góð. Í viðtölum skólameistara eru greindar veikar og sterkar hliðar í starfi og fjallað um starfspróun og markmið. Kennarar og aðrir starfsmenn fá einnig tækifæri á að ræða einslega og í trúnaði við skólameistara um kennslu og skólastarf í MK.

Rýni kennsláætlanua

Kennsluáætlanir eru hluti af skipulagi kennslunnar sbr. verklagsreglu VKL-301 um kennslu áfanga. Kennsluáætlanir eru samræmdar í ákveðið form (GAT-045) fyrir alla áfanga sem eru kenndir í skólanum þar sem námið er skipulagt fyrir hverja viku annarinnar, upplýsingar um námsefni koma fram og lýsing á námsmati. Úrtak kennsluáætlana eru rýndar af gæðastjóra út frá markmiðum viðkomandi áfanga, vinnuskipulagi, auðlindum, aðbúnaði og námsmati. Kennsluáætlanir eru vistaðar í skjalakerfi skólans.

Framkvæmd kennslu, miðannarmat, lokamat

Framkvæmd kennslu fer eftir verklagsreglu VKL-106 um heildarstjórnun náms.

Á miðri önn meta kennarar framgang kennslunnar í hverjum námshópi í samráði við deildarstjóra og skila um það skýrslu (GAT-020 miðannarskýrsla kennara) til gæðastjóra. Áhersla er lögð á að skoða framvindu áfangan m.t.t. kennsluáætlunar, kennsluáætlunar og búnaðar. Ef úrbóta er þörf í einstökum hópum er gripið til aðgerða í samræmi við aðstæður hverju sinni. Miðannarskýrslur eru vistaðar í skjalakerfi skólans.

Í lok annar leggur kennari mat á kennslu sína í áfanganum, s.s. hvað gekk vel og hvað þarfnast úrbóta, jafnframt því að rýna niðurstöður úr námsmati. Áfangaskýrslur eru vistaðar í skjalakerfi skólans.

Rýni námsmatsverkefna (prófua og símatsverkefna)

Kennarar eru ábyrgir fyrir námsmati í sínum áföngum og ber að útbúa próf skv. VKL-306. Úrtak námsmatsþátta eru rýnd af gæðastjóra. Kennarar fara með lokapróf til yfirlestrar til prófarkarlesara sem fylgist með að öll próf á próftöflu komi tímanlega til yfirlestrar. Eins er farið með próf nemenda með sérþarfir s.s. vegna lesblindu.

Prófarkarlesari les öll lokapróf sem lögð eru fyrir í skólanum, bæði aðalpróf og sjúkrapróf. Yfirlesari aðgætir að útlit prófa sé samræmt, að vægi við hverja spurningu sé rétt, stigafjöldi réttur og forsíða skv. reglum þar um. Hann fer yfir málfar og stafsetningu og kennari hlítir ábendingum hans (sbr. LSM-004).

Að loknum prófum eru niðurstöður námsmats úr einstökum áföngum rýndar af áfangastjórum. Þær eru bornar saman við niðurstöður fyrri anna í samræmi við nýtt form á áfangaskýrslum þar sem lögð er meiri áhersla á tölfraðilega greiningu á niðurstöðum prófa en verið hefur. Niðurstöður úr rýni eru kynntar á kennarafundi við upphaf hvernar annar. Síni námsmat einstakra áfanga 30% fall eða meira skal það skoðað sérstaklega af

kennara og gerir hann grein fyrir þeirri rýni í áfangaskýrslu.

Rýni skólameistara og deildarstjóra á starfi deilda.

Hver deildarstjóri fer í viðtal til skólameistara í lok annar. Þar er farið yfir niðurstöður námsmats og almennt starf á önninni. Skólameistari heldur fundargerð yfir þennan rýnifund - sérstaka samantekt (GAT-043). Í þessari samantekt kemur m.a. fram: Markmið deildarinnar, kennarar deildarinnar og helstu breytingar á kennaraliði, kenndir áfangar og helstu breytingar á kenndum áföngum, sérstök verkefni eða atburðir á önninni, umfjöllun um sérstakar deildir eða hópa innan fagsins, samstarf í deildinni við atvinnulíf eða erlent samstarf o.fl., mat deildarstjóra á starfinu og svo verkefni til úrlausnar.

Í gæðamarkmiðum MK er gert ráð fyrir sérstakri rýni kennara á niðurstöðum námsmats og ef að fall verði meira en 30% skuli það skoðað sérstaklega og skólameistara gerð grein fyrir mögulegum ástæðum.

Móttaka nýnema á haustönn 2020 og nýnemakönnun

Stöðugar umbætur eru við skipulagningu á móttöku nýrra nemenda við MK. Þróaðar hafa verið verklagsreglur og gátlistar í framhaldi af rýnivíðtölum við fulltrúa einstakra stoðsviða skólans vegna móttökunnar. Nemendur mæta til fundar á boðuðum degi þremur dögum fyrir upphaf kennslu og funda með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjórum bók- og verknáms, námsráðgjafa, forvarnarfulltrúa og umsjónarmanni félagslífs nemenda. Hver fulltrúi á u.þ.b. 15 mín með nemendum. Að lokum er nýnemum boðið í mat og færð gjöf frá skólanum.

Á hverju hausti er gerð sérstök nýnemakönnun þar sem nýnemar eru spurðir áhlits á móttöku og fyrstu vikum í skólanum. Sérstaklega er leitað svara við spurningum um nýnemadaginn og fund með stjórnendum og fulltrúum stoðsviða skólans. Spurt er út í busavígslu, busaball og tölvunotkun (Moodle -rafrænt námsumhverfi skólans). Haustið 2020 var þessari nýnemakönnun sleppt en sérstök COVID könnun gerð í staðin.

Móttaka nýrra kennara og úttekt á móttöku þeirra

Við móttöku nýrra kennara er unnið samkvæmt skipulagi í samræmi við ISO verklagsreglur VKL-206 og gátlista um móttöku nýrra kennara/starfsmanna (GAT-017 Móttaka nýrra kennara). Nýir kennarar á haustönn 2020 voru 13 en 2 nýir kennara komu til starfa á vorönn 2021.

Nýir kennarar mæta á eins dags námskeið við upphaf starfa sinna í MK og er þá farið sérstaklega yfir stefnu og stjórnun skólans, gæðamál, kennslu og húsnæði. Starf umsjónarkennara og námsráðgjafa er kynnt og farið er yfir skólareglur. Þá er gerð grein fyrir námsframboði, öryggismál tekin fyrir og tölvunotkun kynnt (INNA, Moodle og raftöflur.)

Eftir u.þ.b. sex vikna starf kallar kennslustjóri nýja kennara til rýnifundar þar sem rætt er einslega við hvern og einn þeirra, farið yfir móttökufærlið og reynt að bæta úr ef eitthvað er ekki fullkomlega skýrt fyrir hinum nýja kennara.

Innri úttektir

Samkvæmt áætlun vegna innri úttekta 2019-2021 á gæðakerfi skólans voru teknar út sex verklagsreglur á haustönn 2020. Þær verklagsreglur sem voru til úttektar voru (skv. áætlun um innri úttektir 2019-2021): VKL-205 Frammistöðumat starfsmanna, VKL-206 Ráðning nýrra starfsmanna, VKL-207 Móttaka þjálfun og endurmenntun, VKL-210 Innkaup og endurnýjun tækja, VKL-211 Stýrt viðhald tækja, STS-013 Ferilsyfirlit.

Á vorönn 2021 voru eftirtaldar verklagsreglur teknar út: VKL 213 Innkaup, VK 214 Rekstur húsnæðis, VKL 301 Kennsla áfanga, VKL 303 Hönnun og umbót námsbrauta/áfanga, 402 Áfangamat og þjónustukönnun, 405 Flokkur starfa, launasetning og launagreining, ásamt STS 006 Ábyrgð og valdskipting.

Öllum úttektum er lokið og búið er að vinna úr athugasemdum og viðeigandi breytingar hafa verið samþykktar af gæðaráði.

Brottfallsgreining

Brottfallsgreining hefur verið framkvæmd af áfangastjórum í samvinnu við námsráðgjafa í MK um nokkurra ára skeið.

Á haustönn 2020 voru 28 sem hættu námi við MK (samantekið bóknám og verknám). Þeir greindust þannig að 2 fóru á vinnumarkað, 2 breyttu námssamningi, 2 fóru í annan skóla, 1 var vísað úr skóla vegna mætinga og 21 nemandi gaf persónulegar ástæður sem skýringu (andleg/líkamleg veikindi, veikindi barna, meðferð eða annað).

Við rýni á brottfalli á vorönn 2021 í MK (samantekið bóknám og verknám) var brottfall alls 35 nemendur; 1 taldi námið of erfitt en 5 tilgreindu persónulegar ástæður s.s. andleg veikindi, neysla/meðferð. 1 fór í annan skóla og 7 fóru á vinnumarkað. Þá var 7 vísað úr skóla vegna brots á mætingarreglum en 14 gáfu ekki upp ástæðu.

Frábrigði, ábendingar

ISO gæðakerfið er lifandi verkfæri og því taka skjöl þess og vinnulag starfsmanna breytingum jafnt og þétt. Þannig koma stöðugt til nýjar útgáfur af einstökum skjölum kerfisins eftir því sem fram vindur í starfi skólans og ytra umhverfi tekur breytingum. Alls hafa komið fram 84 ný eða breytt skjöl á síðasta skólaári.

Gæðakerfi matvælahluta MK, HACCP

HACCP kerfið (áður GÁMES) er starfrækt sem vottað gæðakerfi í matvælahluta MK. Stöðugt er unnið að uppfærslu á gæðakerfi matvæladeilda sem byggir á gildandi matvælalöggjöf. Í vetur var tekið upp samstarf við Rekstrarland (Olís) um uppsetningu á nýjum gátlistum í þrifum og innkaupum. Reglulegt örverueftirlit var ekki framkvæmt í vetur vegna Covit ástands. Það verður tekið upp í haust í samvinnu við Matvælatækni. Í framhaldi af niðurstöðum úr örverumælingum fundar gæðastjóri með fagstjórum allra matvælagreina ásamt innkaupastjóra, ræstingarstjóra og deildarstjóra verknáms þar sem

farið er yfir það sem betur má fara og lagt á ráðin um umbætur.

Innkaupaeftirlit

Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að nota eingöngu fyrsta flokks hráefni í matvælaeildum skólans; meðal annars með því að skipta við þá birgja sem hafa fengið tilskilin leyfi og hafa tileinkað sér að lágmarki fyrstu skrefin í gæðakerfinu HACCP. Tilgangur innkaupa og móttökueftirlits er að fyrirbyggja að frábrigðavara komist inn í framleiðslu skólans.

Eftirlitið felst í:

- Skoðun á öllu aðkeyptu hráefni og tilbúnum matvælum til matvælaframleiðslu
- Skoðun á öllum tilbúnum réttum til endursölu
- Samskiptum við birgja vegna frávika, skoðun á ferli vöru og aðstæðum
- Skriflegum lýsingum á kröfum um gæði vöru, frágangi hennar og afhendingu
- Ákvörðunum um sýnatöku og sýnatökuáætlun í samráði við fagaðila

Þegar ósk kemur um inntöku á nýjum vörflokki eða nýrri vöru skal framkvæmdaraðili móttökueftirlits fara í gegnum alla þætti móttökueftirlits áður en varan er samþykkt og tekin inn í matvælaframleiðslu skólans. Um vörur í stöðugri notkun gilda aðrar reglur en um nýjar vörur, ekki er nauðsynlegt að fara eins ýtarlega yfir þær og þegar nýir vörflokkar eru teknir inn en alltaf verður þó að skoða hvort umbúðir séu órofnar, hreinlæti sé í lagi og hvort hitastig við móttöku sé í lagi.

Húsnæði skólans

Það er markmið Menntaskólans í Kópavogi og í raun forsenda rekstrar að aðstaða skólans, þ.m.t. vinnuumhverfi, byggingar, húsgögn, vinnuaðstaða og aðrir innanstokksmunir, sem og hverskonar tæki og tækjabúnaður, sé fyrir hendi í skólanum, nothæfur og öruggur. Þannig geti nemendur skólans ávallt notið óhindraðrar kennslu bæði í bóknámi og verknámi. Markmið Menntaskólans í Kópavogi er jafnframt að starfsmenn og nemendur skólans njóti heilnæms og hvetjandi vinnuumhverfis þannig að starfsandi og sköpunargleði njóti sín sem best.

Umsjónarmaður skólans gerir árlega úttekt á fyrirhuguðum umbótum og viðhaldi á húsnæði skólans og skráir á þar til gert eyðublað GAT-063. Umsjónarmaður skilgreinir það sem fellur undir ábyrgðarsvið Fasteigna ríkisins og það sem fellur undir skólann. Skólameistari í samráði við umsjónarmann kemur viðhaldsáætluninni á framfæri við FR og gengur frá samkomulagi um hvaða þættir verða framkvæmdir og hvenær. Viðhaldsáætlun þessi er lifandi skjal og er formlega yfirfarin á fundum skólameistara með umsjónarmanni fasteigna sem haldnir eru eftir þörfum en einnig á reglulegum rýnifundum sem haldnir eru í lok hverrar annar.

Lokaorð

Eins og hér hefur verið dregið saman er fjölbreytt og kraftmikið sjálfsmat og umbótastarf unnið í Menntaskólaum í Kópavogi. Ramminn að öllu gæðastarfi okkar er settur af þremur vottuðum gæðakerfum , ISO-9001:2015, IST-085:2012 og HACCP sem eru í stöðugri endurskoðun og þróun til samræmis við lifandi skólastarf í MK. Menntaskólinn í Kópavogi hefur sett sér metnaðarfull gæðamarkmið og leitast við að fylgja þeim í öllu sínu starfi. Eins og gæðakerfin sjálf þá eru gæðamarkmið skólans í stöðugri skoðun og eru meðal þess sem er rýnt á rýnifundum gæðaráðs sem fram fara tvisvar á ári. Það er skoðun stjórnenda MK að þau verkfæri og viðmiðanir sem vottuð gæðakerfi gefa við stjórnun skólans bæti alla stjórnun og skapi þann stöðugleika og reglufestu sem er nauðsynleg öllum stofnunum af þeirri stærðargráðu sem Menntaskólinn í Kópavogi er.